

Deloitte.



Áætlanagerð á
óvissutímum

Stjórnendur standa frammi fyrir þeirri áskorun að ná fram stöðugleika í rekstri á óvissutímum. Þær ákvarðanir sem teknar eru til skamms tíma munu að öllum líkindum hafa áhrif á það hvernig tekst að viðhalda rekstri til langs tíma. Mikilvægt er að stjórnendur séu tilbúnir til að taka erfiðar ákvarðanir til að milda höggið verði því viðkomið, en á sama tíma undirbúa sig fyrir rekstraróvissu næstu mánaða.

Takmörkuð efnahagsleg áhrif

Hvað ef áhrifin **vara skemur** en gert var ráð fyrir? Hvað ef aðgerðir stjórnvalda í hagkerfum heimsins **skila tilætluðum árangri** og öflugt eftirlit og eftirfylgni með smitum leiða til þess að auðvelt verður að **opna fyrir eðlileg viðskipti**? Einhver fyrirtæki munu bera skarðan hlut af borði og mögulega hafa orðið varanlegar breytingar á neysluhegðun en lífið kemst fljótt í sinn vanagang.




Gengi krónunnar helst **stöðugt** gagnvart helstu viðskiptamyntum



Flugumferð kemst í nokkuð eðlilegt horf fyrir árslok og **eftirspurn** tekur að myndast í ferðaþjónustu



Atvinnuleysi verður að mestu tímabundið og **einkaneysla** færast í eðlilegt horf



Framboðsáhrif	Framleiðsla dregst saman í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum, truflun á birgðakeðjum.
Eftirspurnaráhrif	Samdráttur í eftirspurn í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum hefur áhrif á eftirspurn í heiminum, fjöldi atvinnugreina finna fyrir áhrifum.
Áhrifa gætir	Í sex ársfjórðunga frá 1. janúar 2020.
Ferli efnahagsbata	Hægur efnahagsbati hefst á síðari hluta 2020, fyrst í Asíu, efnahagsbati í Evrópu og Bandaríkjunum hefst á fyrri helmingi 2021.
Áhrif á heimshagvöxt	0,0%.

Talsverð efnahagsleg áhrif

Hvað ef áhrifin **vara lengur** en viðbúið var og vírusinn tekur sig endurtekið upp fram á haust? Viðvarandi **lág eftirspurn** samhliða **framboðsbresti** ásamt áföllum í fjármálakerfum hafa neikvæð áhrif á heimshagkerfi. Hagkerfi landa jafna sig með **misjöfnum hraða**, þar sem þeir sem gripu fljótt til aðgerða taka fyrr við sér. Viðskipti og samskipti færa sig í auknum mæli á netið og fyrirtæki endurmeta viðskiptalíkön m.t.t. **breyttrar neysluhegðunar**.




Gengi krónunnar **veikist nokkuð** gagnvart helstu viðskiptamyntum



Flugumferð fer ekki almennilega af stað fyrr en um mitt ár 2021 og **vandamál** ferðapjónustunnar í lengjast



Atvinnuleysi verður að einhverju leyti varanlegt og **einkaneysla** gefur heldur eftir



Framboðsáhrif	Verulegur samdráttur í framleiðslu og brestir í birgðakeðjum.
Eftirspurnaráhrif	Verulegur samdráttur í eftirspurn og fjármálaáföll sem hafa líkindi við áföllin 2008.
Áhrifa gætir	Í níu ársfjórðunga frá 1. janúar 2020.
Ferli efnahagsbata	Efnahagsbati hefst á fyrri hluta 2021, fyrst í Asíu, efnahagsbati í Evrópu og Bandaríkjunum hefst á síðari helmingi 2021.
Áhrif á heimshagvöxt	-3,0%.

Veruleg efnahagsleg áhrif

Hvað ef vírusinn **tekur sig upp á nýjan leik** og biðin eftir bóluefni verður lengri en gert var ráð fyrir? Hvað ef efnahagslegar aðgerðir stjórnvalda skila **takmörkuðum árangri**? Tæknivæðing mun aukast og neysluhegðun breytast en **tortryggni** eykst að sama skapi og þjóðir **einangra** sig í auknum mæli frá alþjóðaviðskiptum.




Gengi krónunnar **gefur verulega eftir** gagnvart helstu viðskiptamyntum



Forsendur fyrir flugumferð breytast og markaðurinn fyrir ferðaþjónustu **minnkar verulega**



Atvinnuleysi verður varanlegt og störf breytast til framtíðar, **einkaneysla** dregst saman og samsetning hennar breytist




Hagvöxtur 2020

Framboðsáhrif	Verulegur samdráttur í framleiðslu og birgðakeðjur rofna.
Eftirspurnaráhrif	Verulegur samdráttur í eftirspurn og talsvert er um að fyrirtæki fari í þrot eða verði þjóðnýtt.
Áhrifa gætir	Í tólf ársfjórðunga frá 1. janúar 2020.
Ferli efnahagsbata	Efnahagsbati fer ekki af stað fyrr en árið 2022.
Áhrif á heimshagvöxt	-6,0%.

Áætlanagerð á óvissutímum

Komdu auga á óvissuþætti, þekktu áhrifin og gríptu til viðeigandi aðgerða



Komdu auga á lykilóvissuþætti

Yfirfarðu og mettu hvaða ytri þættir eru líklegastir til að hafa mest áhrif



Leitaðu fjölbreyttra sjónarmiða

Nýttu innri mannauð og ytri aðila til að afla fjölbreyttra sjónarmiða



Notaðu sviðmyndir

Metu áhrif breytinga á ytri aðstæðum að misjöfnu umfangi og til mislangs tíma



Yfirfarðu áhrif

Greindu niðurstöður sviðsmynda og heildaráhrif



Taktu ákvörðun

Byggðu ákvarðanir um aðgerðir á sterkum grunni og fylgdu þeim eftir





Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga. DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar spannar meira en 150 lönd og landsvæði. Hjá Deloitte starfa um 312.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili innan Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar.

© 2020 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf. www.deloitte.is